

Nr. 18-138 S 090 Teista ÁR 12 / Golan ÁR 21**Ásigling á SV miðum****Teista**

Skipaskr.nr. 6827
 Útgerð: Guðmundur Sveinn Áskelsson
 Smíðaður: Hafnarfjörður 1986, plast
 Stærð: 5,01 bt. 6,08 brl.
 Mesta lengd: 8,39 m Skráð lengd: 7,72 m
 Breidd: 2,71 m Dýpt: 1,55 m
 Vél: Vetus 54,6 kw, 2001
 Fjöldi skipverja: 1



Teista©Vigfús Markússon

Golan

Skipaskr.nr. 7414
 Útgerð: Litlacy ehf
 Smíðaður: Hafnarfjörður 1995, plast
 Stærð: 7,03 bt. 8,41 brl.
 Mesta lengd: 8,98 m Skráð lengd: 8,97 m
 Breidd: 2,82 m Dýpt: 1,77 m
 Vél: Cummins 186 kw, 1995
 Fjöldi skipverja: 1



Golan©NN

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssynti og Hirti Emilssynti

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. júlí 2018 var Teista ÁR 12 á siglingu og Golan ÁR 21 á strandveiðum á SV miðum. Veður: N 4 m/s.

Þegar bátarnir voru staddir um 12 sml út af Þorlákshöfn var Teistu siglt á Goluna með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á þeim báðum.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn á Golunni, sem var við veiðar, sá þegar Teistan stefndi á bátinn og náði að setja vélina í gang. Með því náði hann að færa bátinn um þrjú metra áður en Teistan lenti á honum;
- að skipstjóri Golu sagðist hafa séð að skipstjóri Teistu draup höfði og var ekki að horfa fram fyrir bátinn;

- að samkvæmt ferilskráningu Vaktstöðvar siglinga var Teistan á um sex hnúta ferð þegar hún lenti á bb afturhorni Golunnar;
- að skipstjórinn á Teistunni kvaðst hafa verið staðsettur við stjórnþök í stýrishúsi og taldi að mikil sól hafa skinið í andlit hans. Hann sagði jafnframt að hann hafi verið með augun á siglingartölvunni;
- að skipstjóri Teistu sagðist ekki hafa séð neitt skip nálægt sér á AIS né að það hafi verið einhver viðvörðun í siglingatölvunni um það;
- að ratsjá var ekki í gangi á Teistunni en skipstjórinn sagðist einungis nota hana þegar hann væri að fara út eða inn í myrkri;
- að skemmdir á Golunni urðu á bb afturhorni og flotkassa sem festur var við skut bátsins. Skemmdir á Teistunni urðu á stefni og þilfari við stefnið;
- að enginn leki kom að bátunum.

Nefndarálit:

Orsök ásiglingar var aðgæsluleysi skipstjóra Teistunnar.

Nefndin átelur skipstjóra fyrir að nota ekki öll þau tæki sem báturinn var búinn til að fylgjast með skipaumferð og treysta um of á AIS kerfið.